



Áfangalýsing ML

Titill:	Norræn goðafræði og eddukvæði
Námsgrein:	Íslenska
Viðfangsefni:	Norræn goðafræði, forn kveðskapur og heimildaritun
Skammstöfun:	ÍSLE2GE05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er unnið með hugmyndaheim fornþókmenntanna, frásagnalist og norræna goðafræði. Snorra-Edda er lesin sem og valin eddukvæði. Lögð er áhersla á að setja efnið í menningarsögulegt samhengi og finna því stað í nútímanum. Nemendur fá þjálfun í að fjalla um inntak fornþókmenntanna á fjölbreyttan hátt, bæði skriflega og munnlega. Einnig fræðast nemendur um uppruna íslenskrar tungu og helstu atriði í málsögunni. Þá fá nemendur þjálfun í meðferð heimilda og frágangi ritaðs máls. Markmið áfangans er ekki síst að nemendur öðlist aukinn orðaforða, kynnist fornþókmenntum og dýpki skilning sinn á íslenskri menningarsögu.
Forkröfur:	ÍSLE2MR05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• fornum íslenskum kveðskap sem og goðafræði• siðferðislegum gildum og trúarbrögðum á víkingaöld og við upphaf Íslandsbyggðar• völdum lykilverkum íslenskra fornþókmennta• uppruna íslenskrar tungu og skyldleika við önnur tungumál• arfi fornþókmenntanna sem skilar sér inn í nútímamenningu• grundvallarvinnubrögðum við skrif heimildaritgerða• helstu hugtökum í ritgerðasmíð
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• lesa fornþókmenntaverk sér til gagns og ánægju og fjalla um inntak þeirra• lesa sér til gagns fræðitexta sem tengist menningu víkingatímans• beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna og setja fram skoðanir sínar• að draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt• nota á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða• flytja af nokkru öryggi mál sitt frammi fyrir hópi fólks



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• túlka fornbókmenntatexta og kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar• sýna tilbrigði í málnotkun í ræðu og riti• tengja íslenska tungu og bókmenntaarf við fortíð og nútíð• taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu• nota og skrá heimildir á réttan hátt• vinna úr menningararfinum á gagnrýninn sem og skapandi hátt
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.